Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun í júlí var 8% sem jafngildir því að 13.756 manns hafi að meðaltali verið án atvinnu í mánuðinum. Atvinnulausum fækkaði að meðaltali um 335 manns frá því í júní. Langtímaatvinnuleysi eykst nú hratt og þeir sem verið hafa á atvinnuleysisskrá lengur en í 6 mánuði eru nú um helmingur atvinnulausra eða ríflega 7.000 manns. Frá því í febrúar hefur langtímaatvinnulausum fjölgað um tæplega 6.000 manns, úr um 10% allra atvinnulausra í um 50%.



Atvinnuleysi hefur frá því sl. haust verið nokkuð meira meðal karla en kvenna en dregið hefur saman með kynjunum á síðustu mánuðum. 8.592 karlar voru að meðaltala atvinnulausir í júlí sem jafngildir 8,2% karla á vinnumarkaði og 6.625 konur voru án atvinnu eða 7,6%. Á síðustu mánuðum hefur dregið úr atvinnuleysi meðal karla en það heldur aukist meðal kvenna. Frá því í júní jókst atvinnuleysi meðal kvenna um 2,2% á sama tíma og atvinnuleysi meðal karla minnkaði um 5,4%. Aukið atvinnuleysi meðal kvenna má fyrst og fremst rekja til höfuðborgarsvæðisins en einungis þar og á Suðurnesjum eykst atvinnuleysi meðal kvenna frá því í júní. Alls staðar á landinu dregur úr atvinnuleysi meðal karla frá því í júní.



Atvinnuleysi er mest á Suðurnesjum en þar voru að meðaltali 1.348 manns án atvinnu í júlí eða 11,7% af mannafla á svæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu voru að meðaltali 10.148 manns án atvinnu í júlí eða 9,3%. Minnst atvinnuleysi er á Vestfjörðum þar sem atvinnulausir voru að meðaltali 53 í mánuðinum eða 1,3% mannaflans. Hlutfallslegt atvinnuleysi er óbreytt á höfuðborgarsvæðinu frá því í júní en minnkar heldur annars staðar á landinu.

Samkvæmt tölum um fjölda atvinnulausra í lok júlímánaðar voru samtals 15.217 manns á atvinnuleysisskrá. Þar af voru 2.426 í hlutastörfum eða 16% af þeim sem voru á skránni og fengu 1.530 þessara einstaklinga hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli.

612 manns á atvinnuleysisskrá voru skráðir til þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum í júlí, eða um 4% atvinnulausra en þeim sem tóku þátt í vinnumarkaðsúrræðum fækkaði verulega þegar námssamningar runnu út í maí en þá voru þátttakendur um 10% atvinnulausra.